

**59. fundur Fræðslusjóðs**  
**Mánudaginn 31. október 2016 kl. 14:30 – 16:00**  
**haldin í Skipholti 50b. 3. hæð**

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Jón Fannar Kolbeinsson (vék af fundi kl. 15:45), Ársæll Guðmundsson, Kristín Þóra Harðardóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson og Björn Garðarsson.

Boðuð forföll: Sólveig B. Gunnarsdóttir

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Samþykkt og undirrituð.
2. **Staða Fræðslusjóðs.** Björn gerði grein fyrir stöðu sjóðsins (*fylgiskjal 2 í útsendum gögnum*).
3. **Framkvæmd úrræða fræðsluaðila jan-jún 2016** (*fylgiskjal 3*).

Spurt var um ástæður þess að farið er í þak í kostnaði við raunfærnimat. Sveinn skoðar það í tengslum við úttekt á kostnaði við raunfærnimat, hugsanlegar ástæður eru mat á vinnustaðanámi. Virðist vera lögð í framkvæmd námsleiða. Spurning hvort breyttar áherslur séu hjá markhópnum eða að námsleiðirnar séu að verða úreltar. Starfsmenn FA skoða og ræða við fræðsluaðila (verkefni 1-2 í aðgerðaáætlun í lok fundargerðar).

Fé er skilað umfram umsóknir. Ýmislegt sem bendir til að frekari skil verði um áramót. Það þýðir að óráðstafað fé safnast upp. Bent á að þörf fyrir fé til hæfnigreininga t.d. gegnum nýsköpunar- og þróunarhluta sjóðsins muni aukast verulega á næstunni og ástæða til að fara yfir skiptingu fjármuna í styrktarflokka sjóðsins fyrir 2017 þar sem raunfærnimat móti viðmiðum atvinnulífsins krefst vinnu við hæfnigreiningar. Sjóðurinn gæti því þurft að horfa til breyttra áherslna og stöðu námsleiðanna. Eftirspurnin sé að breytast.

Sjóðurinn felur starfsmönnum FA (HH) að hafa samband við helstu aðila í raunfærnimati til að kanna stöðuna og hver þróunin sé í raunfærnimatinu. Hugsanlega gæti verið áherslubreyting út af góðu atvinnuástandi. Öll þessi umræða er innlegg í stefnuna fyrir næsta ár. Metið verður út frá viðbrögðunum hvort ástæða sé til að funda með þeim. Sjóðurinn mun senda út spurningar (verkefni 2 í aðgerðaáætlun).

4. **Skil á fé til Fræðslusjóðs,** umsóknir og endurúthlutun (*fylgiskjal 4*).

Kannað verði betur hvað liggur að baki umsóknar ÍÐUNN um ráðgjöf. Umsóknin afgreidd milli funda. Allar umsóknir samþykktar – nema frá ÍÐUNNI sem sett er í bið (verkefni 3 í áætlun).

5. **Náms- og starfsráðgjöf 2016-2017** (*fylgiskjal 5*)

Tillagan, sem sett er fram í fylgiskjali 5, miðast að því að breyta uppgjörleiðinni og auka ábyrgð fræðsluaðila sem þurfi að sýna fram á árangur viðtalsins. Svipuð leið er nú reynd t.d. í Bretlandi.

Þegar nemendabókhalðið er komið í INNU verður möguleiki, með heimild frá viðkomandi einstaklingi, að sjá feril hans í námi – og þar með ávinning ráðgjafar – þó langur tími líði.

Annar möguleiki er að umbuna fræðsluaðilum með því að greiða fyrir fjölda sem skráir sig í námleið, gerir færnimöppu o.fl. Spurning um framsetningu á efninu.

Fyrirhugaður er fundur með fræðsluaðilum 1. nóv. nk. þar sem þessar hugmyndir verða ræddar áfram. Samþykkt var að tillagan yrði borin upp á fundinum.

Starfsmenn FA skoða, ásamt GR, hvort unnt sé að gera úttekt á hvert/hvort einstaklingar sem fengið hafa ráðgjöf hafa farið í framhaldinu t.d. í úrræði framhaldsfræðslunnar (verkefni 4 og 5 í áætlun).

## 6. Innsend erindi

- a. Fjölgun viðmiðunareininga í Félagsliðabré – Hækkun á framlagi (*fylgiskjal 6a*)  
Samþykkt þar sem námskrá námsleiðarinnar hefur stækkað.
- b. Skrifstofuskóli II – Ósk um að bæta á verðlista Fræðslusjóðs (*fylgiskjöl 6b og 6.c, 6.d*)  
Samþykkt.

Spurt var hver væri munurinn á námskránni og eldri námskrá svipaðs efnis. Sjóðurinn gæti þurft að greiða niður framkvæmd svipaðra námskráa ef Menntamálastofnun hefur staðfest námsskrána. Það er út af fyrir sig jákvætt þar sem fleiri njóta fræðslunnar. Hins vegar er vafasamt að styrkja gerð margra sambærilegra námsskráa.

## 7. Önnur mál

- a. Þróunarsjóður – framhald umræðu frá síðasta fundi. GR og SKS heimsóttu Rannís. Þar er m.a. sjóður er veitir til námsefnisgerðar. Þar er unnið að straumlínulögun ferla. Sá sjóður er í sambærilegum vanda og Fræðslusjóður með mat á afurðum. Margt annað gott og rétt í verkferlum nýsköpunar- og þróunarverkefna.
- b. Spurt var um vinnu við endurskoðun laganna. GR kannar stöðuna og upplýsir stjórnina (verkefni 6 í áætlun).

## Aðgerðaáætlun

Nr	Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
1	Sendi könnun á fræðsluaðila	GR/SA	V 46
2	Rýna raunfærnimat - þak og stöðu	SA	V 46
3	Óska eftir nánari skýringu á umsókn Iðunnar v/endurúthlutun	GR/SA	V 45
4	Undirbúa úttekt á náms- og starfsráðgjöf og árangur af henni	GR/SA	V 46
5	Kanna stöðu mála varðandi náms- og starfsráðgjöf 2016	GR/SA	V 45
6	Kanna stöðu mála með endurskoðun laga	GR	V 46

Gudrun Segner  
Fólksráðgjafi  
Hallgrímur  
Egertor Helgi 018501  
Stambúðarkennsluáætlun

Andri Þorjónsson